

Nr. 721

26. júlí 2019

## AUGLÝSING um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

*Deiliskipulagsbreyting, Hópsbraut, vesturhluti.*

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 28. ágúst 2018 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hópsbrautar, vesturhluta. Í breytingunni felst breytt stærð lóða og fjölgun íbúða. Lóðir Víkurhóps 33 og 35 minnka, en lóðir Víkurhóps 31 og 37 stækka sem því nemur. Lóðir Víkurhóps 47 og 49 minnka, en lóðir 45 og 51 stækka sem því nemur. Íbúðum í Víkurhópi 25-27-29 fjölgar úr þremur í fjórar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Grindavíkurbæ, 26. júlí 2019.*

**Atli Geir Júlíusson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2019